

Aðalfundur FUM, Félags um menntarannsóknir, var haldinn laugardaginn 24. febrúar 2018 í Hannesarholti, Grundarstíg 10, Reykjavík kl. 13–14. Eftir fundinn flutti Henry Alexander Henrysson heimspekingur erindið: Spillt menntakerfi? Áhættuþættir í menntun og rannsóknum

Viðstaddir aðalfundinn voru: Birna María Svanbjörnsdóttir (í gegnum fjarfundabúnað á Akureyri), Elsa Eiríksdóttir, Eyrún María Rúnarsdóttir, Guðlaug Erlendsdóttir, Kolbrún Pálsdóttir, Kristján Hreinsson, Oddný Sturludóttir, Ómar Örn Magnússon og Sólveig Jakobsdóttir

Kolbrún Pálsdóttir, formaður, setti fundinn, bauð fólk velkomið og kynnti til fundarstjóra, Guðlaugu Erlendsdóttur.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemi FUM árið 2017 (sjá skýrslu stjórnar í viðauka við fundargerðina). Glærur sem tengjast kynningunni er að finna á í viðhengi.

- Heimasíða félagsins var uppfærð á árinu og tilraun gerð til að gera hana aðgengilegri og gegnsærri.
- Stjórnarmeðlimir félagsins (6 talsins) eru kosnir til tveggja ára í senn og varamenn (2 talsins) til eins árs.
- Formaður ræddi sérstaklega breytingar á aðkomu FUM á rekstri og útgáfu Tímarits um uppeldi og menntun þar sem HA mun framvegis greiða kostnað annars ritstjóra tímaritsins en FUM hefur staðið straum af þeim kostnaði um nokkurt skeið. Þessar breytingar munu verða til þess að rýmkast mun um fjárhag FUM.
- Félagið stendur fyrir ráðstefnum annað hvert ár. Næsta ráðstefna félagsins, í samstarfi við hagamunaaðila, er fyrirhuguð 16. maí undir heitinu: *Menntun, samfélag og samvinna*. Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar eru Jón Torfi Jónasson og Helen Janc Malone. Ríflega 30 málstofuerindi hafa verið send inn og bíða afgreiðslu. Mennta- og menningarmálaráðuneyti mun styrkja ráðstefnuna um 250.000 kr. en félagið þarf að standa fyrir ferðakostnaði, húsnæði og upphald fyrir erlenda fyrirlesarann.
- Horft til framtíðar. Nokkrar hugmyndir (sjá á glærum).
- Eitt verkefni nýrrar stjórnar er að endurskoða lög félagsins.
- Að lokinni skýrslu stjórnar var opnað fyrir umræðu. Hér gefur að líta nokkrar hugmyndir sem settar voru fram:
 - Áhersla á þróunarstarf áhugaverð.
 - Opna félagið meira og gera það sýnilegra.
 - Fá meistaranema inn í félagið í auknum mæli.
 - Fá umræðu um rannsóknarefni.
 - Getur félagið staðið fyrir ritunarnámskeiði?
 - Hvað getur félagið gert sem einhver annar er ekki að gera? Fara í kynnisferð til menntarannsóknafélaga erlendis?
 - Líta þarf á félagið sem regnhlíf fyrir umbreytingastarf. Sérstaða félagsins gæti verið að tengja saman rannsóknir og vettvang. Gefa fagfólki fleiri verkfæri í hendurnar.

2. Reikningar félagsins

- Sólveig Jakobsdóttir gjaldgeri FUM gerði grein fyrir reikningum félagsins 2017. Í lok árs 2017 voru félagsmenn 269 talsins sem greiða 3000 kr. ársgjald. Tæplega 90% ársgjalda skiluðu sér. Staða reiknings í lok árs var 517.671 kr.
- Skoðunarmenn reikninga hafa farið yfir reikninga. Skýrsla gjaldkera um reikninga var samþykkt.

3. Stjórnarkjör og kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

- Núverandi stjórnarmeðlimir, Annadís Rudolfsdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir (aðalmenn) og Steinunn Lára Helgadóttir (varamaður) ganga úr stjórninni. Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Birna Svanbjörnsdóttir, Guðlaug Erlendsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson (varamaður) sitja áfram.
- Oddný Sturludóttir og Ómar Örn Magnússon gáfu kost á sér sem aðalmenn í stjórn FUM og Kristján Hreinsson gaf kost á sér sem varamaður. Ekki komu fram fleiri framboð. Ný stjórn var samþykkt.
- Elsa Eiríksdóttir og Eyrún María Rúnarsdóttir voru kosnar skoðunarmenn reikninga.
- Formaður velti því upp hvort þörf væri fyrir nefndir í félaginu. Talið var skynsamlegt að skipta verkum og það lagt í hendur nýrrar stjórnar. Félagsmenn gætu þá fengið tækifæri til að taka þátt í nefndum.

4. Önnur mál.

- Spurt um fjárframlög til félaga að þessu tagi annars staðar. Ekki er vitað um það en talið áhugavert að kanna t.d. hvernig staðið er að þessum málum t.d. hjá Skotum í SERA (Sólveig og Kolbrún).
- Nú er lag fyrir breytingar þegar greiðslur til ritstjóra verða ekki lengur í höndum félagsins. Meira svigrúm skapast til að standa fyrir annars konar starfsemi í þágu menntarannsóknna og félagsmanna. Sú hugmynd kom upp að standa fyrir fræðslu og/eða kynnisferðum innlendis eða erlendis annað hvert ár, til móts við ráðstefnu hitt árið.
- Gæti félagið verið til ráðgjafar fyrir stjórnvöld um fjármagn til rannsókna? Mikilvægt að félagið taki markvisst þátt í umræðu um menntamál, t.d. í sambandi við nýliðun og þau verkefni sem framundan eru í íslensku menntakerfi. Hvað hefur verið gert vel í rannsóknum og hvað má gera betur? Þetta verður hvatning til nýrrar stjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14.00.
Birna Svanbjörnsdóttir, ritari